

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasund 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, mánudagur, 19. febrúar 2024  
UST202402-308/R.K.  
08.20

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.)**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.), mál nr. S-28/2024.

Frumvarpið felur í sér breytingar sem leiða m.a. af lögum nr. 103/2021, nr. 127/2022 og 129/2022. Í 18. gr. laga nr. 127/2022 má sjá XVII. viðauka við lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Viðaukinn listar upp tollskrárnúmer veiðarfæra sem innihalda plast og úrvinnslugjald þeirra.

Annmarkar úrvinnslukerfisins hvað veiðarfæri varðar endurspeglast m.a. í því að allt of mikið, eða um helmingur, af veiðarfæraúrgangi sem skilar sér á land í dag endar í urðun í stað endurvinnslu. Óvíst er hve stór hluti veiðarfæra glatast í hafi. Liður í því að laga framangreint er að uppfæra hvaða afmörkuðu partar veiðarfæra falla undir kerfið sem er í dag gert með vísun í XVII. viðauka laga nr. 162/2002 þar sem eru 31 tollskrárflokkar.

Um er að ræða uppfærslu á innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904, um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að tilskipunin er skýr hvað varðar það að framlengd framleiðendaábyrgð skuli vera á veiðarfærum í heild sinni þegar þau falla til sem úrgangur en innleiðingin héraðslendis er aðeins bundin við „plasthluta“ veiðarfæra í gegnum vísun í XVII. viðauka. Stofnunin leggur því til að bætt sé við þeim tollskrárflokkum veiðarfæra sem eiga að falla undir kerfið svo allir partar veiðarfæra beri úrvinnslugjald þegar þau falla til sem úrgangur. Ellegar að tenging við viðaukann sé afnumin og aðeins stuðst við skilgreiningu veiðarfæraúrgangs.

Þessu tengt vísar Umhverfisstofnun í umsagnir stofnunarinnar, [dags. 17. ágúst 2021](#) og viðbótarumsögn [dags. 21. september 2021](#) sem aðgengilegar eru á vef stofnunarinnar, sér í lagi til 2. hluta viðbótarumsagnar. Stofnunin bendir á að samningur Úrvinnslusjóðs (ÚVS) við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) og veiðarfæragerðir um úrvinnslu veiðarfæra sem innihalda plast er enn óstaðfestur. Mikilvægt er að neðangreindar breytingar á lögum nr. 162/2002 skýri úrvinnslukerfið enn frekar ef til kemur að slíkur samningur, sem heimilar undanþágu frá úrvinnslugjaldi, taki gildi svo hann þjóni að fullu markmiðum laganna.

Umhverfisstofnun gerir þá almennu athugasemd við frumvarpið ekki sé ljóst að það taki mið af markmiði kerfis framlengdrar framleiðendaábyrgðar á veiðarfærum sem innihalda plast skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904, um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið. Er þá sérstaklega bent á vísun í tollskrárflokka í viðauka XVII og skilgreiningu orðsins veiðarfæraúrgangur.

### **Tollflokkar í viðauka XVII og skilgreining veiðarfæraúrgangs**

Í 5. tl. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2019/904 er veiðarfæraúrgangur skilgreindur á eftirfarandi hátt: „öll veiðarfæri sem falla undir skilgreininguna á úrgangi í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB, þ.m.t. allir aðskildir íhlutir, efni eða efniviðir sem voru hluti af eða festir við slík veiðarfæri þegar þeim var fleygt, þ.m.t. þegar þau voru skilin eftir eða týndust“. Tilgangur laganna á því að vera sá að veiðarfæraúrgangur í heild sinni falli undir kerfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar til að tryggja að úrgangurinn skili sér í land og viðeigandi úrvinnslu hans. Í lögum um úrvinnslugjald er hins vegar vísað í XVII. viðauka laganna yfir tollskrárflokka við skilgreiningu á veiðarfærum sem innihalda plast. Umhverfisstofnun telur að skilgreina þurfi í lögum hugtökin veiðarfæri og veiðarfæraúrgangur og taka fram að allur veiðarfæraúrgangur falli undir lögin. Stofnunin telur ekki fullnægjandi að vísa einungis í tollskrárflokka í XVII. viðauka ef þeir ná ekki til allra hluta veiðarfæra sem innihalda plast þegar þau falla til sem úrgangur. Tryggja verður að úrvinnslukerfið nái til allra hluta veiðarfæra þegar þau verða að úrgangi, ekki einungis þess hluta sem inniheldur plast, svo að framangreind tilskipun sé að fullu innleidd í íslensk lög. Ef tenging við tollskrárflokka verður ekki afnumin í lögnum telur stofnunin að þeir ættu að vera endurskoðaðir til að ná yfir allt það efni sem fellur undir skilgreiningu á veiðarfæraúrgangi veiðarfæra sem innihalda plast.

Umhverfisstofnun telur að ef ofangreint sé ekki tryggt sé tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904, um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið, ekki að fullu innleidd í íslensk lög né íslenska framkvæmd á framlengdri framleiðendaábyrgð veiðarfæra sem innihalda plast.

Stofnunin telur að til að bæta úr ofangreindu séu tveir kostir í stöðunni:

1. Að afnema tengingu veiðarfæra sem innihalda plast og veiðarfæraúrgangs við tollskrárflokka viðauka XVII og þess í stað stuðst við skilgreiningu tilskipunar (ESB) 2019/904 um veiðarfæraúrgang eða
2. Að í 18. gr. laga nr. 127/2022 sé a.m.k. eftirfarandi sjö tollskrárflokkum bætt við:
  - 4016.9917 Vörur til veiðarfæra (t.d. botnrúllur, trollpokahlífar, flotholt og lóðabelgir). Aðrar vörur úr vúlkaníseruðu gúmmíi, þó ekki harðgúmmíi.
  - 4421.9117 Vörur til veiðarfæra. Aðrar vörur úr viði
  - 4421.9917 Vörur til veiðarfæra. Aðrar vörur úr viði.
  - 7326.9008 Vörur til veiðarfæra, ót.a. Aðrar vörur úr járn eða stáli.
  - 7616.9905 Vörur til veiðarfæra. Aðrar vörur úr áli.
  - 7806.0001 Vörur til veiðarfæra. Aðrar vörur úr blýi.

7020.0001 Vörur til veiðarfæra. Aðrar vörur úr gleri.

Tekið skal fram að ekki er um að ræða tæmandi lista yfir alla parta veiðarfæra. Verið getur að fleiri númer vanti á listann. Samráð þyrfti við Tollinn og atvinnugreinum veiðarfæragerða til að tryggja að allir hlutar veiðarfæra séu teknir fram í viðaukanum.

Stofnunin tekur einnig fram að vísa ætti alltaf til „veiðarfæra sem innihalda plast“ en ekki „veiðarfæra úr plasti“ líkt og tekið var fram í nefndarálit 151. löggjafarþing 2020–2021, þingskjali 1680 – 708. mál.

### **Niðurlag**

Mikilvægt er að veiðarfæraúrgangur sé skilgreindur í lögum um úrvinnslugjald þannig að skilgreiningin nái til allra parta veiðarfæra sem innihalda plast, þegar þau verða að úrgangi. Framlengd framleiðendaábyrgð, með úrvinnslu efnisins þegar það verður að úrgangi, á að ná til allra hluta veiðarfæra, hvort sem er úr plasti, málm, gleri, við, blýi eða öðru efni, ef veiðarfærin innihéldu eitthvað plast. Um er að ræða uppfærslu á innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904, um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið.

Lög um úrvinnslugjald eru skýr þar sem fram kemur í 3. mgr. 8. gr. að undanþága frá úrvinnslugjöldum byggji á því að samningur fyrirtækja og atvinnugreina við Úrvinnslusjóð þjóni markmiðum laganna. Stofnunin telur að ef slíkur samningur nái ekki til allra hluta veiðarfæra sem innihalda plast þegar þau falla til sem úrgangur sé markmið laganna, og undanþáguheimildar, ekki uppfyllt og forsendur fyrir undanþágu frá úrvinnslugjaldi brostnar. Ef ekki sé hægt að tryggja framangreint sé mun ákjósanlegra fyrir úrgangsstjórnun Íslands og fyrir umhverfið að veiðarfæri sem innihalda plast séu ekki undanþegin úrvinnslugjaldi, sbr. 8. gr., heldur séu greidd af þeim úrvinnslugjöld líkt og af öðrum flokkum undir framlengdri framleiðendaábyrgð skv. lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Rakel Kristjánsdóttir,  
**sérfræðingur**

Frigg Thorlacius  
**lögfræðingur**